

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lettlands.

Hinn 29. febrúar 1996 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Lettlands sem gerður var í Zermatt 7. desember 1995. Alþingi hafði með ályktun 21. desember 1995 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi 1. júní 1996.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. júní 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.